



SAMBAND ÍSLENSKRA KAUPSKIPAÚTGERDA  
ICELANDIC SHIPOWNERS' ASSOCIATION

Reykjavík, 8 desember, 1995

Samgöngunefnd  
Skrifstofa Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 120/401*  
*komudagur 11/12 1995*


**b/t: Einars K. Guðfinnssonar, form. samgöngunefndar**

Fulltrúum í Siglingamálaráði var afhent á fundi ráðsins þ. 7 desember s.l. frumvarp til laga um Siglingastofnun Íslands og samtímis kynnt að hagsmunaaðilar hefðu frest til 13 desember n.k. að koma umsögn og athugasemdum við frumvarpið á framfæri við samgöngunefnd Alþingis.

SÍK og aðildarútgerðir þess eru samþykkt ákvæðum frumvarpsins í öllum aðalatriðum.

Sömu aðilar vilja þó áréttta við hið háa Alþingi að vægi núverandi Siglingamálastofnunar verði ekki rýrt við fyrirætlaða sameiningu stofnananna, en að Vita- og Hafnamálastofnun ólastaðri, þá eru verkefni og starfsemi Siglingamálastofnunar talsvert umfangsmeiri og viðkvæmari en hlutverk Hafnamálastofnunar. Hafa ber í huga að Siglingamálastofnun er beinn eftirlitsaðili með öllum öryggismálum sjófarenda og með byggingu allra skipa ásamt fjölda annarra hliðstæðra verkefna, en hlutverk Hafnamálastofnunar er fyrst og fremst að vera tæknilegur stuðningsaðili við sveitastjórnir sem eru eigendur hafna, ásamt því að hafa umsjón með ört minnkandi framlögum ríkisins til hafnaframkvæmda.

SÍK og aðildarútgerðir þess vilja af þessu tilefni vekja athygli á því misræmi sem ríkir milli skipana núverandi Hafnaráðs og Siglingamálaráðs og lagt er til í frumvarpinu að haldist óbreytt. Núverandi og fyrirhuguð skipan Hafnaráðs er óneitanlega mjög einlit í því að aðeins einn hagsmunaaðili, þ.e. sveitastjórnir, eiga tvo af fimm fulltrúum ráðsins, en aðrir augljósir hagsmunaaðilar í málefnum hafna s.s. útgerðamenn og sjómenn eiga engan fulltrúa í ráðinu. Varla verður um það deilt að notendur hafna s.s. útgerðamenn og sjómenn eiga ekki síður hagsmuna að gæta í viðunandi aðsiglingum og hafnaraðstöðu og því í hæsta máta eðlilegt að þeir eigi sæti í Hafnaráði sem ráðgefandi stofnun fyrir ráðherra og Siglingastjóra í afskiptum ríkisvaldsins af hafnamálum. Einnig verður ekki litið fram hjá því verkefni Hafnaráðs að vera ráðgefandi aðili um opinberar gjaldskrár hafna og í hæsta máta óeðlilegt að viðhalda þeirri hefð að notendur hafnaþjónustu hafi engan umsagnarétt um gjaldtökur fyrir þjónustuna. Í þessu samhengi má benda á skipan núverandi Siglingamálaráðs og væntanlegs Siglingaráðs, en þar eiga tilnefningarrétt allir helstu hagsmunaaðilar sem starfsemi Siglingamálastofnunar snertir.



SAMBAND ÍSLENSKRA KAUPSKIPAÚTGERÐA

ICELANDIC SHIPOWNERS' ASSOCIATION

Í ljósi framangreinds vilja SÍK og aðildarútgerðir þess skora á hið háa Alþingi að nota þetta tækifæri til að veita t.d. útgerðum og sjómönnum tilnefningarrétt til eins fulltrúa hvor í Hafnaráði og að aðeins einn fulltrúi verði frá Samgönguráðuneyti, þannig að fjöldi ráðsmanna verði óbreyttur. Að öðru leyti eru sömu aðilar hlyntir ákvæðum frumvarpsins.

Virðingarfyllt,

f.h. stjórnar Sambands Íslenskra Kaupskipaútgerða  
Einar Hermannsson

cc: Aðildarútgerðir  
LÍÚ